



Heiðursdoktorsnafnbót í tilefni 75 ára afmælishátíðar Háskóla Íslands.

Dr.oecon. h.c. Ólafur Björnsson er fæddur í Hjarðarholti í Dölum árið 1912. Stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri lauk hann 1931 og kandidateitprófi í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla 1938. Hann starfaði á Hagstofu Íslands 1938-1942. Frá 1942 starfaði hann sem dósent við Laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, en 1948 var hann skipaður prófessor og gegndi því starfi til ársloka 1982. Alþingismaður var hann á árunum 1956-1971. Formaður BSRB 1948 - 1956. Formaður Íslandsdeildar norrænu menningarmálanefndarinnar frá 1953 og formaður nefndarinnar í heild 1961. Í stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda. Hefur átt sæti í fjölmörgum opinberum nefndum og ráðum, m.a. í undirbúningsnefndum viðamikilla lagafrumvarpa og í millipinganefndum. Eftir Ólaf Björnsson liggja umfangsmikil ritverk í fræðigreim hans, þjóðhagfræði, og á tengdum sviðum auk þess sem hann hefur þýtt kunn fræðirit erlendra höfunda. Eitt hið kunnasta rit hans er "Þjóðarbúskapur Íslendinga", er birst hefur í tveim útgáfum, og er það grundvallarrit á sínu sviði.